



Borgarráð

Erindisbréf stýrihóps um mótun framtíðarsýnar og stefnumörkunar um starfsemi Hins hússins

Hjálagt erindisbréf stýrihóps um mótun framtíðarsýnar og stefnumörkunar um starfsemi Hins hússins eru lögð fram til samþykktar. Óskað er eftir að borgarráð staðfesti tilnefningar fulltrúa meirihlutans í hópinn og tilnefni fulltrúa minnihluta.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps um mótun framtíðarsýnar og stefnumörkunar um starfsemi Hins hússins, dags. 9. febrúar 2023.



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun framtíðarsýnar og stefnumörkunar um starfsemi Hins hússins

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri.

Inngangur:

Á fundi borgarráðs 1. desember 2022 voru samþykktar breytingatillögur meirihlutans við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023 sem felast í hagræðingaraðgerðum. Tillaga 92 fólst í mótun framtíðarsýnar og stefnumörkunar um starfsemi Hins hússins.

Hlutverk:

Að ráðast í gerð framtíðarsýnar og stefnumörkunar um starfsemi Hins hússins í Elliðaárdal en það verði rýnt í samhengi við sameiningu ÍTR og MOF. Hitt húsið er miðstöð ungs fólks með fjölbreytta og margþætta starfsemi. Í nágrennasveitarfélögum eru rekin nokkur ungmennahús og æskilegt að í vinnunni sé nýtt sú reynsla sem þar hefur skapast. Ein meginuppistaðan er frístundastarf fatlaðra ungmenna á framhaldsskólaaldri. Ungmönnum er ekið í framhaldsskóla að morgni, oftast með ferðaþjónustu fatlaðs fólks, úr aðstöðu sinni í framhaldsskólum á hádegi í Elliðaárdal og aftur heim síðdegis. Leggja þarf mat á þessa framkvæmd í samráði við nemendur, aðstandendur og starfsfólk. Viðburðahald á vegum Hins hússins, s.s. utanumhald um Músiktilraunir og fleira, er mikilvægt en gæti átt samleið með öðru viðburðahaldi í borginni. Leggja þarf mat á staðsetningu Hins hússins og mismunandi starfsþátta þess eftir reynsluna af staðsetningu í Elliðaárdal og með hliðsjón af uppbyggingu nýs hverfis í Ártúnsholti og Vogum, auk mögulegrar tilkomu Toppstöðvarinnar sem miðstöðvar Jaðaríprótta og ef til vill fleira í næsta nágrenni.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

Gerð framtíðarsýnar og stefnumörkunar um starfsemi Hins hússins í Elliðaárdal.

Stýrihópur:

Skúli Helgason, formaður

Rannveig Ernudóttir/Kristinn Jón Ólafsson

Magnea Gná Jóhannsdóttir

x fulltrúi minnihluta

x fulltrúi minnihluta

Með stýrihópnum vinna:

Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs, formaður

María Rut Reynisdóttir, skrifstofustjóri, menningar- og íþróttasviði

Markús H. Guðmundsson, forstöðumaður Hins hússins, menningar- og íþróttasviði

Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri, skóla- og frístundasviði

Þóra Kemp, velferðarsviði



Reykjavíkurborg

Starfsmaður:

Ragnheiður Árnadóttir, aðstoðarforstöðumaður Hins hússins, menningar- og íþróttasviði

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á. Þá hefur hópurinn samráð við stýrihóp um samnýtingu skóla- og frístundahúsnæðis og starfshóp vegna stefnumörkunar félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn starfi til 30. júní 2023.

Reykjavík, 9. febrúar 2023

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri